



Ef að þú ert ekki með Landspítalaappið í símanum getur þú hlaðið því niður í gegnum appstore eða playstore.

Næsta skref er að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum. Ef að þú ert ekki með rafræn skilríki getur þú hringt á deild á opnunartíma og fengið upplýsingar um tímabókun frá ritara deildarinnar.


**Þegar búið er að skrá sig inn á appið er ýtt á flipann samskipti:**



**Næst er valið óska eftir þjónustu:**




Ýta þarf á flippann veldu deild




Þá þarf að velja göngudeild húð- og kynsjúkdóma




**Þegar búið er að velja deildina birtist heitið á henni inn í glugganum**



**Þá er ýtt á hnappinn óska eftir þjónustu**





Eftirfarandi skilaboð ættu að birtast á skjánum hjá þér.



Þá eru tvær leiðir til þess að ná í spurningalistann:

Annars vegar er hægt að ýta á tilkynningar og þá ætti spurningalistinn að koma upp eða:





Fara aftur á forsíðu, ýta þar aftur á hnappinn samskipti eins og gert var í upphafi.

Næst er ýtt á flippann spurningalistar og listinn ætti þá að birtast þar undir.

